

Fundargerð

Mætt eru:

Kristján Gísli Stefánsson (KGS), Rúnar Björn Herrera Þorkelsson (RBH), Guðjón Sigurbjartsson (GS), Magnús Kr Guðmundsson (MKG), Tinna Helgadóttir (TH), Þorgerður Ösp Arnþórsdóttir (ÞÖA)

1. Samþykkt fundargerðar 27/11/18

Ekki hafa neinar ábendingar borist og telst fundargerðin því samþykkt einróma

2. Kosinn fundarstjóri og fundarritari

TH fundarritari, KGS fundarstjóri

3. Staðfesting á breytingu á stjórn

RBH og MKG víkja formlega úr stjórn PÍR þar sem þeir hafa hlotið kjör í framkvæmdaráð Pírata. RBH formlega af sér formennsku og felur ÞÖA formennskuembættið. GS kemur inn sem meðstjórnandi eftir að hafa verið fyrsti varamaður inn. ÞÖA er ritari enn um sinn þangað til annar kostur býðst.

4. Yfirferð laga félagsins - beiðni frá framkvæmdaráði

ÞÖA: Ekkert alvarlegt að, einstaka innsláttarvillur, ætlar að svara Elínu að við ætlum að fara yfir þetta á félagsfundum en ekkert þurfi að uppfærast á síðunum.

5. Hugmyndavinna um markmið stjórnar - sjá skjal

<https://docs.google.com/document/d/1KwXBxjhg5VSpui3n5slyJDB9C6525CuQ646wzTMio/edit?fbclid=IwAR0kAAVIEWgJvulSvTuKVR8R6wMk3ugOYnsZQ52fYPLdYhx6FeL6i1lxgwQ#heading=h.cwma31hzfuf>

a. Hugmyndir að félagsfundum framundan?

- i. Félagssundur um breytingu á lögum um stjórnarskipti
- ii. RBH stingur upp á að boða starfsfólk (PR teymi) á fund, auk borgarstjórnarflokks (getur verið einn fundur eða mismunandi)
- iii. Samþykkt að veita 150.000 kr heildarstyrk til Ungra Pírata, í samræmi við markmið stjórnar að styrkja þá. Ungir Píratar héldu tvo viðburði fyrir okkur og var ákveðið að styrkja þá um þessa upphæð sem þóknun.

GS fer af fundi 18:38

6. Fundartímar

Þurfum að vera með fasta fundartíma og það þurfa 3 að vera til að fundur sé löglegur, hálfsmánaðarlega, mánudagar eru góðir, 18. Til bráðabirgða er ákveðið að mánudagar kl. 18 hálfsmánaðarlega frá og með fundinum í dag verði fastir fundartímar. Staðfest á næsta fundi.

7. Viðburðir - beiðni frá borgarstjórnarflokki - TH falið að svara skv síðustu fundargerð, falast eftir stöðu.

Langt síðan fyrirspurnin var gerð og komið PR teymi komið núna, spurning um að senda Róberti boltann, þurfum að fá borgarstjórnarflokkinn í spjall.

8. Fjárhagsstaða og fjárhagsáætlun

a. Fyrirtækjavottorð - stjórn breytt en ekki prókúra - saga?

Umboðið komið, fá blaðið hjá Hans um prókúru og er í vinnslu. (TH)

b. Krafa frá Íþrótt- og tómsundaráði Reykjavíkur

Þetta er reikningur frá UP, TH tala við Vigni um hvort þeir séu búnir að borga reikninginn ef ekki borga reikninginn og draga frá 150.000 kr. styrknum.

c. **Aðrar kröfur**

Greiddar

d. **Fjárframlag frá Reykjavíkurborg**

Loksins komið fyrir síðustu önn, samþykkt var á síðasta fundi 1.mars frá forsætisnefnd skv. <https://reykjavik.is/fundargerdir/fundur-nr-252-dagskra> að ný fjárframlög eru samþykkt, TH fer í að sækja um styrk fyrir þessa önn.

9. **Félagsfundur um gagnabirtingu - falast eftir svörum frá ÁSS**

Málinu framvísað til ÁSS sem félagsmanni, PÍR mun ekki taka þetta fyrir.

Fleira gerðist ekki, fundi slitið klukkan 19:29